

**Fundur bæjarstjórnar nr. 1287, þann 12. febrúar 2019**

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins á Akranesi lýsa yfir vonbrigðum með að núverandi meirihluti bæjarstjórnar Akraness hafi ekki lagt þunga sinn í þá vinnu að klára útboðsgögn um rekstur á ferjusiglingum á milli Akraness og Reykjavíkur, fyrir sumarið 2019, eins og vonir okkar stóðu til í upphafi þessa kjörtímabils. Ljóst er að ferðamönnum hefur fjölgað talsvert hér á Akranesi á síðustu misserum og þykir vinsælt að koma í dagsferðir á Akranes, njóta Langasands og Guðlaugar sem og umhverfisins á Breiðinni. Ferjusiglingar hefðu verið kjörin viðbót við ferðamannastrauminn ásamt þeim fjölmörgu farþegum sem gætu nýtt sér þennan umhverfsvæna ferðamáta til og frá vinnu. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins binda miklar vonir við að unnið verði að kappi við að klára undirbúning þessa verkefnis svo að siglingar geti hafist eigi síðar en vorið 2020.

*Rakel Óskarsdóttir*  
Rakel Óskarsdóttir (sign)

*Sandra M. Sigurjónsdóttir*  
Sandra Margrét Sigurjónsdóttir (sign)

*Einar Brandsson*  
Einar Brandsson (sign)

*Olafur Adólfsson*  
Olafur Adólfsson (sign)